

Stjórnugrís hf
Saltvík 1
162 Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2023
UST202203-008/G.S.O.
08.12.02

Efni: Afturköllun

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 12. október 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti í Stjórnugrís hf. að Brautarholti þann 23. ágúst 2022. Unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun hvað varðar tvö frávik og þremur frávikum hefur verið lokað með bréfi.

Eitt frávik var útistandandi:

1. Gr. 1.2 í fylgiskjali 1 í starfsleyfi. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Notkun lóðar og húsnæðis samrýmist ekki skipulagi. Það er mat Umhverfisstofnunar að starfsemin teljist mengandi og eigi því ekki heima á landbúnaðarsvæði heldur skuli vera á iðnaðarsvæði.

Þann 9. nóvember sl. bað Umhverfisstofnun um álit skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar á því hvort starfsemi rekstraraðila samræmdist skipulagi. Þann 8. desember barst stofnuninni umsögn deildarstjóra aðalskipulags sem taldi að núverandi starfsemi að Brautarholti samræmdist gildandi aðalskipulagi (AR2040) sbr. einnig skilgreiningar skipulagsreglugerðar og laga um umhverfismat framkvæmda. Í tölvupósti þann 29. desember sl. óskaði stofnunin eftir afstöðu Skipulagsstofnunar á umsögninni. Þann 3. janúar sl. sendi Skipulagsstofnun tölvupóst þar sem fram kom að stofnunin taldi sig ekki hafa forsendur til að gera athugasemdir við þá afstöðu skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að starfsemin að Brautarholti samræmdist gildandi aðalskipulagi. Umhverfisstofnun hefur því ákveðið að falla frá frávikinu.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur